

11. fundur umhverfisnefndar 22.september2014

Mættir: *Sigríður J. Sigurfinnsdóttir, Pálmi Hilmarsson, Ragnhildur Sævarsdóttir og Valgerður Sævarsdóttir sem fulltrúi sveitarstjórnar.*

1. Stefnan er sett á að halda umhverfisþing Bláskógabyggðar á vordögum 2015. Skipa þarf undirbúningsnefnd vegna þessa umhverfisþings og sækja þarf um framlengingu á því fjármagni sem úthlutað var á þessu ári til þingsins. Rætt er um mögulega fyrirlesara á umhverfisþinginu, sem og hverjir skuli manna undirbúningsnefndina. Einnig fór fram mikil umræða um hver umræðuefnin skulu vera á þinginu, en margar hugmyndir komu þar upp og þarf að vinna úr þeim hugmyndum. Lokaniðurstaðan er að setja þarf saman undirbúningsnefnd sem falið verður að setja upp grind að þinginu.
2. Formaður umhverfisnefndar mætti á fund sveitarstjórnar nýverið þar sem rætt var um svæði innan sveitarfélagsins þar sem umhverfsmál eru í ólestri.
3. Umræða um skógarkerfil. Ákveðið var að Sigríður sendi bréf til sveitarstjórnar þar sem óskað verður eftir að sveitarstjórn taki strax á þeim vanda sem snýr að útbreiðslu kerfilsins.
4. Pálmi leggur til að Bláskógabyggð alfriði sveitarfélagið fyrir rjúpnaveiði. Umhverfisnefnd ætlar að senda formlegt erindi til sveitarfélagsins þess efnis.

Fundi sliti kl. 21:30